

Sendandi:
Elsa Lára Arnardóttir,
formaður SNFÍ,
sjukranudd@snerta.is
27. nóvember 2006

Alþingi
Erindi nr. **P** 133/515
komudagur 1. 12. 2006

Athugasemdir Sjúkranuddarafélags Íslands varðandi frumvarp til laga um embætti landlæknis:

1. Frumvarp til laga um embætti landlæknis.

II. KAFLI

12. gr.

Kvörtun til landlæknis.

SNFÍ telur að sérstök eftirlitsnefnd með kvörtunum og kærur verði að vera starfrækt innan landlæknisembættisins.

Hvergi virðist koma skýrt fram hvernig bregðast eigi við þeim aðilum sem nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar en hafa ekki hlotið til þess leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Að okkar mati verða að vera skýr ákvæði í lögum varðandi brot sem þessi til verndar heilbrigðisstarfsmönnum verði þeir varir við misnotkun á starfsheiti þeirra.